

INDLAND OG ÍSLAND

Því miður gat ég ekki hlýtt á erindi frú Aðalbjargar Sigurðardóttur s.l. sunnudag (6. nóv.), og sé ég á lýsingu blaðsins, að ég hef farið mikils á mis. Er þar haft eftir frúnni, að hún vilji ekki leggja neinn dóm á það, hvort Krishnamurti sé Kristur. Nú vill svo til, að ég get þar gefið hiklausan úrskurð. Krishnamurti er ekki Kristur, ef það orð á að þýða leiðtoga mannkynsins á hina réttu braut. Magnanin, sem séra Jakob Kristinsson og frú Aðalbjörg segja frá, er afar merkileg og athyglisverð, en ekki er hún nein sönnun fyrir „heilagleika“ eða góðri heimspeki. Töframenn svertingja eru magnaðir mjög, líklega engu síður en Krishnamurti, sumir þeirra, og mundi þó enginn vilja kalla þá neina mannkynsfræðara. — Það er vegna vanþekkingar Krishnamurta, eins og hún kemur svo greinilega fram í ritgerðum hans, sem ég aftek alveg að trúá á hann sem heimskennara. Krishnamurti boðar ekki neinn nýjan sannleik, og það er vitanlega ekki rétt, þó að það sé sjálf hin virðulega dr. Annie Besant, sem segir það, að heimskennarinn eigi ekki að gera annað en tyggja upp það sem sagt hefir verið áður. Snorri Sturluson og Steno, Newton, Linné, Lamarck, Darwin, Spencer o.m.a., voru miklu nær því en Krishnamurti, að vera heimskennarar. Það er alveg ófullnægjandi að tala um bræðralag og slíkt. Heimskennari þarf að skilja, að mannkynið allt á að vera ein lífheild, biodynamísk heild, og benda á hvernig það geti orðið. Skilja, að allt líf í öllum heimi, þar sem safn af hundrað milljónum hnatta, er ekki nema sem smáögn (molecule), á að verða ein heild. Það sem stefnir að því takmarki, er gott, það sem stefnir ekki að því, er ekki gott. Heimskennari verður að geta bent mannkyninu fram á

leiðina til vitneskju um hin mest áriðandi efni, framyfir dulrænu, — sem kennir t. a. m. aðra eins fjarstæðu og þá, að sömu mennirnir fæðist hér á jörðu aftur og aftur, og fram yfir þá heimspeki, sem veit ekkert um framhald og tilgang lífsins. En óhætt er að segja það, að sá maður, sem slíkar kenningar flytur, og með nokkrum sanni mætti kalla heimskennara, muni vera allt annað en magnaður, og svo hulinn myrkursskýjum þeim, sem stafa af sljóleika og varmensku, að varla nokkur góður geisli náí að skína þar í gegnum. Og þyrfti engum að koma á óvart, þó að það séu Austurlandamenn eins og Krishnamurti og Sundhar Sing, auk margra annarra, sem verða fyrstir furðulega magnaðir fyrir hina auknu tilgeislun, sem nú er hafin, og boðuð var fyrir nokkrum árum, eins og lesa má í Nýal, s. 330. En hitt er mikill misskilningur, að búast við frá Austurlöndum upphafi þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er, ef geislan sú á að geta orðið að tilætluðum notum. — Misskilningur væri það einnig, ef nokkur heldur að hér sé um nokkurn fjandskap að ræða gagnvart Krishnamurti. Miðilshæfileikar hans eru mjög merkilegir og geta komið að mjög stórkostlegum notum, þegar hann vill mín ráð hafa. En mjög mikil magnan, samfara vanþekkingu, getur haft háska í för með sér, ekki lítinn, og svo geigvænleg eru þau tíðindi sem yfir vofa, að mjög alvarlega verður að óska þess, að sá sannleikur, sem einn dugar til að afstýra voðanum, náí fram að ganga sem fyrst.

8.—9. nóv. '27.